

Yfirlýsing vegna rangra fréttu varðandi sjúkraflug frá Vestmannaeyjum þann 28.11.2006

Vegna fréttu Sudurlands.is, mbl.is, og Bylgjunnar vegna sjúkraflugs þann 28.11.2006, vill flugfélagið Landsflug senda frá sér eftirfarandi tilkynningu.

Klukkan 17:59:16 þann 28.11.2006 barst ósk frá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja um sjúkraflug af útkallsstigi 2 en ekki af útkallsstigi 1 eins og fram kom í fréttum. Þegar um útkallsstig tvö er að ræða hefur flugrekandi sex klukkustundir til þess að koma sjúklingi til Reykjavíkur. Það er því ekki rétt sem fram kom í fréttum að um útkallsstig eitt hafi verið að ræða.

Þegar útkallið kom var, ólíkt því sem haldið er fram í fréttum, ekki fært til flugtaks úr Vestmannaeyjum, þannig að hvort sem vélin hefði verið á staðnum eður ei, þá hefði engu að síður þurft að kalla til þyrlu. Veðurskilyrði á Vestmannaeyjaflugvelli klukkan 18:02:09 umræddann dag voru eftirfarandi frá flugturni: METAR BIVM 281800Z **06020G33 3500 RA OVC004** 08/07 Q0965. (Upplýsingar fengnar frá Veðurstofu Íslands) Feitletrað eru vindur skyggni og skýjahæð. Þarna er gefinn upp vindátt í réttvísandi stefnu 60° (**06020G33**). Þegar búíð er að bæta við misvísun (16°W) er segulstefna vindsinns orðin 76°. 20 hnútar (um 10m/s) og hviður ná 33 hnútum (um 16m/s). Í þessari vindátt þarf að nota braut 04 til flugtaks, en hún hefur segulstefnuna 35 gráður. Til þess að leyfilegt sé að hefja vél til flugs á þessari braut í þessari vindátt má hámarksvindur ekki fara yfir 24 hnúta í myrkri en hann reyndist vera 33 hnútar. Lágmarksskýjahæð fyrir flugtak er 700 fet. Hinsvegar var alskýjað í 400 fetum (**OVC004**). Skyggni á útkallstíma er einnig undir veðurlágmörkum, en það þarf að lágmarki að vera 4,0 kílómetrar, en reyndist aðeins 3,5 km (**3500**). Eftir því sem á leið versnaði veður.

Hér með hafa verið tekin af öll tvímæli um að ófært hefði verið fyrir hvaða flugvél sem er að hefja sig til flugs frá Vestmannaeyjaflugvelli umrætt kvöld, enda ekki að ástæðulausu að þyrla Landhelgisgæslunnar lenti á “Eiðinu” svokallaða í stað flugvallarins.

Þeir sem höfðu umsjón með sjúkraflugi umrætt kvöld voru í sambandi við heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja og buðust til að kalla til þyrlu um leið og ljóst var að ófært væri fyrir venjulega flugvél bæði til og frá Vestmannaeyjum. Þeim var hinsvegar tjáð af starfsmönnum heilbrigðisstofnunarinnar að þeir væru ekki vissir um að beita þyrfti þyrlunni, því ástand sjúklings væri ekki það alvarlegt, enda um útkallsstig tvö að ræða. Seinna um kvöldið eða rúmum 2 klukkustundum, tók svo vakthafandi læknir í Vestmannaeyjum, Hjörtur Kristjánsson, þá ákvörðun að ekki mætti bíða lengur með að flytja sjúklinginn til Reykjavíkur. Hann hafði því samband við Landsflug sem pantaði strax þyrlu, takið eftir, það var Landsflug sem pantaði þyrluna.

Það sem rétt er í þessari frétt er að flugvél sú er Landsflug hefur notað í sjúkraflugið, hafði verið í reglubundnu viðhaldi daginn sem umrætt sjúkraflug kom upp. Landsflug hafði tilkynnt heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja um það ástand og að ef til þess kæmi yrði sjúkraflugið afgreitt frá Reykjavík, annað hvort á einni af vélum Landsflugs, hjá

öðrum flugrekanda eða í samráði við Landhelgisgæslu Íslands. Það sem gleymist hinsvegar í þessum fréttáflutningi er það að flugvélin var búin í viðhaldinu þegar kallið kom kl. 17:59, var tilbúin í flug og var að bíða eftir að fært yrði til þess að flytja sjúkling frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Þið takið eftir, til að flytja annan sjúkling en þann sem átti að fara frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur

Með þessum ónákvæma fréttáflutningi sem byrjaði á sudurland.is í morgun og fór þaðan á aðra fjölmiðla er enn og aftur alvarlega vegið að Landsflugi og þeim flugmönnum sem sinna sjúkraflugi frá Vestmannaeyjum, oft á tíðum við mjög erfiðar aðstæður. Í morgun kom frétt á sudurland.is þess efnis að vélin hafi ekki verið til staðar, að um útkallsstig 1 hafi verið að ræða og fært hafi verið til flugtaks frá Vestmannaeyjum.

Búið er að skýra út hvers vegna vélin var ekki til taks í Vestmanneyjum.

Eftir ábendingu frá Landsflugi og vakthafandi lækni, Hirti Kristjánssyni, breytti sudurland.is frétt sinni varðandi útkallsstigið.

Hvaðan sudurland.is og fleiri fjölmiðlar fengu upplýsingar um að hægt væri að taka á loft frá Vestmannaeyjum er ekki alveg vitað. Þær upplýsingar hefðu átt að koma frá starfsmönnum flugturnins í eyjum. Starfsmenn þar hafa sagt að þeir hafi ekki gefið þær upplýsingar. Það hékk nánast í sömu setningu í frétt Bylgjunnar að starfsmenn Flugfélags Vestmannaeyja hefðu ekki getað sinnt fluginu sökum manneklu, gæti verið að upplýsingar um veðurskilyrðin hafi komið þaðan??

Starfsmenn Landsflugs